



Alþingi
Allsherjamefnd
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

Rvk. 10. 11. 2004


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun atvinnuvegaráðuneytis, 15. mál.

Samkvæmt tillögunni felur Alþingi ríkisstjórninni að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar í því skyni að setja á stofn nýtt, öflugt atvinnuvegaráðuneyti í stað landbúnaðar-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta.

Að mati flutningsmanna ályktunarinnar eru atvinnuvegaráðuneytin of smá og óskilvirk og leifar úreltrar þrískiptingar atvinnulífsins. Öflugt, sameinað ráðuneyti myndi þjóna hagsmunum atvinnulífsins betur en litlu ráðuneytin þrjú sitt í hverju lagi. Samhliða mætti sameina og fækka stofnunum sem séu of margar og smáar og því ekki nægilega öflugar til að takast á við flókin verkefni. Uppstokkunin ætti að gera rekstur hins opinbera skilvirkari og hagkvæmari sem drægi úr kostnaði skattborgaranna af rekstri ríkisins.

Þessi rök eru sannfærandi og er hugmyndin þess verð að hún sé skoðuð nánar. Eðlilegt er þó að mati SA að í stað þess að hefja nú þegar undirbúning að sameiningu ráðuneyta og undirstofnana þeirra að nálgast viðfangsefnið með heildstæðari hætti, t.d. með því að setja á stofn starfshóp á vegum stjórnvalda sem hefði það verkefni að skoða nánar kosti og galla hugmyndarinnar um sameiningu atvinnuvegaráðuneytanna og kortleggja skipulag og verkefni sameinaðs ráðuneytis.

Virðingarfyllt,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri